

Ed.

181. Lög

um lántöku fyrir rikissjóð.

(Afgreidd frá Ed. 24. febrúar).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka banda rikissjóði lán, allt að 12 milljónum króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lán það, er ríkisstjórnin tók með lánsamningi við Barclays Bank, Limited í London, dags. 27. september 1929, að upphæð 250000 sterlingspund, skal teljast hluti af láni því, sem heimilað er með 1. gr., og staðfestist umræddur lánsamningur með lögum þessum.

3. gr.

Lög nr. 39, 14. júní 1929, um lánsheimild fyrir rikissjóð, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.